

Tekjuskipting og jöfnuður

43. þing ASÍ krefst samfélags réttlátrar tekjuskiptingar, jafnra tækifæra og jafnaðar. Samfélags þar sem launafólk nýtur mannsæmandi kjara og réttinda á vinnumarkaði og allur almenningur býr við húsnæðisöryggi og traust velferðarkerfi sem fjármagnað er með réttlátu skattkerfi.

Misskipting auðs og tekna fer vaxandi hér á landi. Þessi þróun er ekki ásættanleg. Ójöfnuður dregur úr félagslegum hreyfanleika, efnahagslegum og pólitískum stöðugleika og hefur neikvæð áhrif á hagvöxt, efnahag og lífskjör til framtíðar. Það er viðvarandi áskorun verkálýðshreyfingarinnar að stuðla að jöfnu samfélagi, jöfnum tækifærum og sanngjarnri tekjuskiptingu. Allir eiga að búa við atvinnu- og afkomuöryggi.

Skattbyrði launafólks hefur aukist á undanförunum áratugum. Sú þróun hefur lagst þyngst á hina tekjulægstu. Persónuafsláttur hefur ekki fylgt launapróun og barna- og húsnæðisbætur hafa verið skertar. Í ríkisfjármálaáætlun birtist sú stefna stjórnvalda að veikja þessi kerfi enn frekar á sama tíma og hinir tekjuhæstu hafa notið góðs af fækkun þrepa í skattkerfinu, lágum sköttum á fjármagnstekjur og afnámi auðlegðarskatts. Tæknibreytingar, aukin sjálfvirkni, fjármálavæðing atvinnulífsins og nýting sameiginlegra auðlinda kalla á endurskoðun á skattkerfinu og fjármögnun samfélagslegra verkefna.

Tækifæri til náms eru afar mikilvægur þáttur í jöfnun lífskjara, sérstaklega þeirra sem litla formlega menntun hafa og þeirra hópa þar sem eðli starfa breytist og kallar þannig á aukna þekkingu og hæfni vegna tækniþróunar og aukinnar sjálfvirkni. Verkálýðshreyfingin hefur á undanförunum árum og áratugum samið um uppbyggingu starfsmenntasjóða og barist fyrir framlögum úr ríkissjóði í málaflokkinn. Eftir hrun hafa stjórnvöld dregið úr framlögum til þeirra sem minnsta menntun hafa um þriðjung að raungildi og ef marka má ríkisfjármálaáætlunina við litlu að búast. Einnig er mikilvægt að þróa raunfærnimat fyrir störf í atvinnulífinu og að sú hæfni sem launafólk hefur aflað sér í námi og starfi verði metin til launa og verði viðurkenndur hluti menntaferils launafólks.

Stækkandi hópur býr við erfiðar aðstæður og íþyngjandi húsnæðiskostnað á leigumarkaði en þar eru tekjulágir, ungt fólk og erlent launafólk í meirihluta. Leiguverð hefur hækkað verulega á undanförunum árum og leigjendur festast í þessu kerfi. Stöðugt fleiri neyðast til að vinna mikla aukavinnu til að ná endum saman. Hætta er á því að þessar aðstæður festi misskiptingu frekar í sessi og læsi fólk í gildrum fátæktar. Til lengdar leiðir slíkt ástand til heilsubrests.

Stækkandi hópur er berskjaldaður gagnvart brotum atvinnurekenda á réttindum á vinnumarkaði. Sífellt fleiri eru neyddir til að setta sig við hrakvinnu eða gerviverktöku. Berskjöldun þessa hóps er mikil og til þess fallin að halda launum niðri, rýra tryggingavernd launamanna og ábyrgð atvinnurekenda á öryggi og heilsu þessa fólks.

Stéttarfélag þurfa í auknum mæli að glíma við brotastarfsemi af ólíkum toga, kerfisbundinn launaþjófnað, undirboð á vinnumarkaði, kennitöluflakk, svarta atvinnustarfsemi og jafnvel þrælահald. Slík brotastarfsemi grefur undan heilbrigðum vinnumarkaði og grunnstoðum samfélagsins. Hún felur í sér kúgun sem leiðir til fátæktar og aukinnar misskiptingar.

Þrátt fyrir áratuga baráttu ríkir enn kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði. Lög um jafnlaunavottun gera kröfur um að launasetning í fyrirtækjum og stofnunum byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Það er staðreynd að á íslenskum vinnumarkaði ríkir launamismunur m.a. á grundvelli kyns, aldurs, uppruna og þjóðernis. Mismunun á aldrei rétt á sér.

Stefna ASÍ

- Aukinn ójöfnuður í tekjum og eignum landsmanna síðastliðna áratugi verði leiðréttur.
 - Leitað verði leiða til að draga úr launabili innan fyrirtækja og stofnana, t.d. með því að launabil komi fram í ársreikningum.
 - Eigendastefna lífeyrissjóða og framfylgd hennar endurspegli áherslur á aukinn jöfnuð og bætt siðferði.
 - Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum beiti sér fyrir því að starfsfólk fyrirtækja njóti arðsemi þeirra ekki síður en hluthafar.
 - Áhrif lagasetninga Alþingis verði ávallt greind með tilliti til jöfnuðar.
- Skattatilfærsla stjórnvalda síðustu áratugi hefur létt sköttum af hinum hæstlaunuðu og aukið skattbyrði á lág- og millitekjuhópa. Þetta skal leiðrétt.
 - Skattkerfið verði nýtt sem raunverulegt jöfnunartæki. Skattar á lágtekjufólk verði lækkaðir, lægstu laun gerð skattfrjáls með hækkun persónuafsláttar sem fylgi launaþróun og komið verði í veg fyrir sjálfvirkar skattahækkningar hinna tekjulægstu.
 - Húsnæðis- og barnabótakerfin verði endurreist og horfið verði frá þeirri stefnu að sá stuðningur renni einungis til hinna tekjulægstu.
 - Hæstu tekjur samfélagsins verði skattlagðar með sérstöku hátekjuþrepi.
 - Lagðir verði á auðlegðarskattar og fjármagnstekjuskattur hækkaður til að stuðla að samfélagssátt og bregðast við auknum ójöfnuði eigna.
 - Brugðist verði við skattaundanskotum með auknu skatteftirliti.
 - Að notendur sameiginlegra auðlinda greiði fyrir það eðlilegt gjald.
 - Styrkir úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna verði skattfrjálsir.
- Auka þarf möguleika launafólks til að afla sér menntunar og færni, fá hana viðurkennda og metna til launa.
 - Íslenskukennsla verði eflað, gerð aðgengileg á vinnutíma og fari fram á tungumáli sem nemendur hafa vald á.
 - Móta þarf aðferðafræði varðandi launasetningu á grundvelli raunfærnimats á mótí störfum í atvinnulífinu.
 - Auka þarf fjárveitingar hins opinbera til menntunar og fræðslu yfir allan starfsaldur.
 - Menntun um réttindi og skyldur á vinnumarkaði verði hluti af námsskrá grunn- og framhaldsskóla.
- Brugðist verði nú þegar við þeim bráðavanda sem ríkir á húsnæðismarkaði þannig að allir hafi öruggt og gott húsnæði.¹
- Brotastarfsemi á vinnumarkaði verði útrýmt. Þetta verður einungis gert með stórefldu eftirliti, auknum heimildum og samræmdum aðgerðum eftirlitsaðila.
 - Brotastarfsemi á vinnumarkaði verði mætt með hörðum viðurlögum og sektum gagnvart brotafyrirtækjum í samstarfi við verkálýðshreyfinguna.
 - Lög um vinnustaðaeftirlit nái yfir allan vinnumarkaðinn.
 - Sett verði löggjöf til að stöðva kennitölufلاك sem er skjótvirk og hafi raunverulega þýðingu.
 - Lög um keðjuábyrgð verði almenn og nái yfir allan vinnumarkaðinn.
- Styrkt verði umboð stéttarfélaganna til að verja rétt einyrkja.

¹ Sérstaklega er fjallað um húsnæðismál í öðru stefnuskjali/ályktun.

- Unnið verði gegn launamismunun með öllum tiltækum ráðum. Jafnlaunavottun og rétt innleiðing jafnlaunastaðalsins er mikilvægt skref í þá átt.

Verkefni ASÍ

- Hafa forystu um að tryggja áreiðanlegar og vandaðar mælingar á stigi ójöfnuðar á Íslandi þ.m.t. launabili innan fyrirtækja.
- Móta og útfæra sýn verkalýðshreyfingarinnar til uppbyggingar og þróunar skattkerfisins á grundvelli hagsmuna launafólks.
- Knýja á um samræmt eftirlit með brotastarfsemi á vinnumarkaði þ.m.t. skattsvikum og launþjófnaði.
 - Stuðla að auknu samstarfi og sameiningu eftirlitsaðila.
 - Hafa forystu um að birta „svartan lista“ yfir nöfn þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem stunda ítrekaða brotastarfsemi gegn launafólki.
- Berjast fyrir auknum fjárframlögum til menntunar launafólks með litla formlega menntun og þeirra hópa þar sem eðli starfa breytist vegna tækniþróunar og að þróað verði kerfi raunfærnimats í atvinnulífinu sem meti störf og hæfni til launa.
- Stóraukin verði opinber fjárframlög til leigufélaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.²
- Hafa forystu um að veita stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald í að fylgja eftir lögum um jafnlaunavottun og útvíkka vottunina þannig að hún nái til allrar mismununar.
- Hafa frumkvæði að því að vinna leiðbeinandi verklagsreglur fyrir aðildarfélög og trúnaðarmenn í samræmi við lög um jafnlaunavottun.

² Sérstaklega er fjallað um húsnæðismál í öðru stefnuskjali/ályktun.